

Starfsáætlun ÍSAT teymis Íslensku sem annað tungumál

Núverandi skólaár 2023-2024 er annað árið þar sem Naustaskóli vinnur eftir nýjum áherslum Aðalnámskrár hvað varðar móttöku og kennslu erlendra nemenda. Verkefnastjóri og ÍSAT kennarar vinna í sameiningu að aðlögun hvers nemanda með hliðsjón af *Móttökuáætlun erlendra nemenda* sem aðgengileg er á heimasíðu skólans undir flípanum *Stuðningur*. Einnig er lagt fyrir *Stöðumat* til að meta þekkingu erlendra nemenda svo skólinn geti undirbúið og lagað kennsluna að þörfum þeirra. Skipulag náms og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli er í stöðugri þróun og í samvinnu við kennarateymi og stjórnendur Naustaskóla.

Íslenska sem annað tungumál

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli eigi að fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli (sér námsgrein). Fjöldi kennslustunda miðast við [viðmiðunarstundatöflu](#) Menntamálastofnunnar og er tímasetning ÍSAT kennslustunda ákvörðuð í samráði við umsjónarkennara nemandans. Gert er ráð fyrir að nemandi fylgi hæfniviðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í um það bil tvö til fjögur ár. Eftir það ættu nemendur að geta fylgt hæfniviðmiðum jafnaldra í íslensku með stuðningi.

Kennarateymi ÍSAT

Í vetur starfa fjórir kennarar í ÍSAT teyminu, samtals í 2,7 kennarastöðu. Hver ÍSAT kennari sérhæfir sig í kennslu nemanda á ákveðnu aldurstigi og vinnur að skipulagningu með kennarateyminum þess stigs. Skiptingin er eftirfarandi:

- Sunna Alexandersdóttir, yngsta stig
- Dagný Gunnarsdóttir, miðstig
- Kolbrún Sigurgeirsdóttir, unglingsstig
- Kristín Margrét Gísladóttir, verkefnastjóri

Þetta fyrirkomulag skapar tækifæri til að kortleggja þarfir hvers nemanda í sameiningu og styðja við það starf sem fer fram í hverjum bekk fyrir sig. Þarfir hvers nemanda eru misjafnar og tekur aðlögun þar af leiðandi mislangan tíma. ÍSAT kennarar geta því stutt við aðlögun nemanda í samvinnu við verkefnastjóra og umsjónarkennara.

Hlutverk og markmið

ÍSAT kennara eru fyrst og fremst að kenna nemendum íslensku og styðja þá í íslenskunáminu inn í bekk. Mikilvægt er að reglulegt samtal eigi sér stað milli umsjónarkennara hvers nemanda og ÍSAT kennara um stöðu nemandans og framvindu íslensku námsins.

Markmið sem teymið setur sér í vetur eru eftirfarandi:

- Eiga faglegt samstarf við umsjónarkennara ÍSAT nemenda
- Hafa skýra verkaskiptingu innan sem utan ÍSAT teymis
- Deila verkum þegar við á og hugmyndum sem nýtast í kennslu
- Útbúa ÍSAT námsgagnasafn
- Hafa agastefnu skólans að leiðarljósi í kennslu nemanda og um leið að styðja ÍSAT nemendur í að læra á verkfæri Jákvæðs aga

Námsumhverfi og skipulag

Eins og áður hefur komið fram hefur teymið stefnur og áherslur skólans að leiðarljósi. ÍSAT nemendur hafa margir enga reynslu af opnum rýmum, Jákvæðum aga eða Barnasáttmálanum og eru jafnvel óvanir leiðsagnarnámi eða þeim kennsluaðferðum sem notaðar eru í Naustaskóla. Kennarar þurfa þ.a.l. að aðstoða nemendur að aðlagast nýju námsumhverfi og skilja til hvers er ætlast. Stuðningur ÍSAT kennara við umsjónarkennara er þar mikilvægur.

ÍSAT kennslustundir eru merktar í stundaskrá hvers nemanda. Fyrirkomulag kennslunnar er breytileg og fer hún ýmist fram inn í bekk, í litlum rýmum inn á svæðum eða í ÍSAT kennslustofu. Einnig er misjafnt hvort nemendur eru einir með ÍSAT kennara eða í litlum hópum sem eru jafnvel aldursblandaðir.

Einstaklingsmiðun er í forgrunni og í upphafi vetrar er mestur þungi í einstaklingsvinnu en þegar líður á skólaárið er meiri áhersla á samvinnu nemenda í ÍSAT kennslustundum. Miðað er við að hafa kennsluna fjölbreytta og nýta upplýsingatækni eins mikið og kostur er. Áhersla er á að kenna nemendum að nýta sér upplýsingatækni sem stuðningur í námi. Allir ÍSAT nemendur hafa sérmerktu spjaldtölvu sér til stuðnings.

Ein af þeim kennsluaðferðum sem teymið ætlar að þróa í vetur heitir *Talking Partners (T.P.)*. Kennsluaðferðin gagnast vel nemendum sem geta tjáð sig á íslensku, þ.e. eru komnir á 2.- 3. stig. Einungis lítill hluti ÍSAT nemenda hefur grunn til að fylgja heildarskipulagi *T.P.* en við sjáum fyrir okkur að stök verkefni munu nýtast í kennslu ÍSAT nemanda. Aðferðin nýtist einnig vel í að meta stöðu nemenda.

Námsmat

Hæfniviðmiðum í *Íslensku sem öðru tungumáli* er skipt niður í fjögur stig eftir stöðu nemandans í tungumálinu. Stigin eru ekki aldurstengd og fylgja nemendur hæfniviðmiðunum í 2-4 ár.

Jafnt og þétt yfir veturinn merkja ÍSAT kennarar við markmið hvers nemanda inn á Mentor.

Námsmatið byggir á frammistöðu nemandans í kennslustundum en einnig eru unnin stök verkefni sem ætluð eru að meta ákveðna þætti.

Við vekjum athygli á því að stundum vinna ÍSAT nemendur einnig að markmiðum bekkjarins í íslensku. Eðlilegt er því að umsjónakennarar meti þau markmið sem eru viðeigandi. Þetta á sérstaklega við nemendur sem eru lengra komnir, þ.e. á 3. stigi og á oft við þematengd verkefni. Hvað varðar mat á lesfimi þarf að meta hverju sinni hvort ÍSAT nemendur séu í stakk búnir til að taka slík próf. Það er í höndum umsjónarkennara að meta og fylgjast með lestrarnámi ÍSAT nemenda jafnt sem annarra nemenda.